

# FRAMKVÆMDA FRÉTTIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

1. TBL — JANÚAR 2019

## FLUGSTÖÐ

Hér verður greint frá þeim verkefnum sem eru í gangi í flugstöðinni í janúar.

### SVF17 – NÝ RAFSTÖÐ

Þann 19. desember var gert svokallað „black out“ próf fyrir díselvélnar tvær. Prófunin fer þannig fram að netspenna er tekin af flugstöðinni til þess að líkja eftir straumlausu ástandi. Vélnar eiga þá að fara sjálfvirk í gang og deila álagi á milli sín og framleiða raforku fyrir flugstöðina, líkt og myndi gerast ef um bilun væri að ræða í dreifikerfi svæðisins. Skemmst er frá því að segja að báðar vélnar fóru í gang, keyrðu samhliða og tóku við álagi. Við þessa aðgerð duttu ljós og annar búnaður út í um 20 sekúndur þar til díselvélnar tóku við og framleiddu rafmagn fyrir flugstöðvarbygginguna. Allt kerfið gekk sjálfvirk og kom enginn handvirk að gangsetningu þegar netspenna var tekin af.

Margir tóku þátt og þurfti að fara í ýmsar prófanir áður en hægt var að taka netspennu af flugstöðinni. Fulltrúar frá Johann Rönnung, Grjótgörðum, Lagnþjónustunni, Rafholti, HS Veitum, Orkuvirki, Rafholti, Kletti, Mannviti og Verkís komu að þessu verkefni og þökkum við þeim kærlega fyrir sitt framlag. Unnið verður að fínstillingum og frágangi í janúarmánuði en að öðru leyti er verkefninu lokið og ætti þessi uppsetning varaafls að anna því aukna álagi sem fylgt hefur stækkun flugstöðvarinnar í bili.



Ný varaafstöð að Flákavöllum 11

## ÖRYGGISMOLI

Við að lyfta byrðum og færa úr stað myndast mikið álag á bak, háls, axlir og handleggji. Hafa skal í huga að rétt líkamsbeiting er nauðsynleg:

- Halda byrðinni nálægt líkama
- Ekki lyfta upp fyrir axlarhæð
- Beygja hné
- Ekki snúa upp á hrygg eða háls

Mikilvægt er að nota viðeigandi tækni- og lyftibúnað sé hann til staðar. Vinnueftirlitið hefur gefið út fræðslurit um [réttu líkamsbeitingu](#) auk heilræða til þess að [vernda stoðkerfið við vinnu](#).



## BREYTINGAR Á AÐSTÖÐU FARÞEGARÞJÓNUSTU Í NORÐURKJALLARA

Framkvæmdir vegna breytinga á aðstöðu starfsmanna í farþegaþjónustu í kjallara norðurbyggingar lauk í lok desember. Helstu breytingar eru meðal annars að útbúin hefur verið ný og opin kaffistofa, setuhorn, stúkað hvíldarrými og rými fyrir munaskápa og fatnað.



Aðstaða starfsmanna í farþegaþjónustu



Lagfæringar á parketi – svæði vel afgirt

## VIÐHALDSVINNA Í SUÐURBYGGINGU

Verið er að lagfæra parket í suðurbyggingu þar sem unnið verður í litlum þörtum næstu mánuði. Eins og sjá má á er framkvæmdarsvæði vel afgirt og reynt er að takmarka áhrif á rekstur.



Öryggistálmar komnir vestanmegin


## ÖRYGGISTÁLMAR

Verið er að vinna við að setja upp öryggistálma í kringum flugstöðina. Vinna er hafin vestanmegin og eru verklok áætluð í lok febrúar.

## BREYTINGAR Á LOFTRÆSINGU Í VOPNALEIT FARÞEGA

Framkvæmdir við breytingar á loftræstikerfi á vopnaleitarsvæðinu á 2.hæð í norðurbyggingu eru hafnar. Vegna fjölgunar farþega hefur borið á hita og loftleysi á vopnaleitarsvæðinu og munu þessar breytingar bæta loftgæðin.

Reynt verður að vinna utan álagstíma og á meðan vopnaleit er lokuð í góðri samvinnu milli starfsmanna flugverndar og verktaka. Framkvæmdum verður stýrt þannig að þær hafi sem minnst áhrif á farþega og flæði þeirra um svæðið. Áætluð verklok eru í lok mánaðar.




Áhrifsvæði framkvæmda

## FLUGHLÖÐ

Hér verður greint frá þeim flughlaðsverkefnum sem eru í gangi í janúar.

### SFA16 – STÆKKUN FLUGHLAÐS TIL AUSTURS

Búið er að koma fyrir búnaði og lokum í tengibrunni eldsneytislagnar TB40 og steypa lok. Unnið er að því að koma búnaði fyrir í tengibrunnum TB41 og TB42. Eldsneytiskerfi verður tengt við núverandi eldsneytiskerfi (TB40) í janúar auk þess sem yfirborðsfrágangur sunnan NOV4 og frágangur umhverfis TB 40 klárast. Verklok SFA16 verktakasamnings við ISTAK sem séð hafa um framkvæmdina verður í lok Janúar.



Tengibrunnur eldsneytislagnar - TB40

## FLUGBRAUTIR

Helstu verkefni vegna flugbrauta í janúarmánuði eru tilgreind hér að neðan.

### FLUGVALLARSAMNINGUR

Rammasamningsútboð vegna ráðgjafar og hönnunar á flugbrautum og öðrum útsvæðum á flugvöllum landsins var auglýst í Fréttablaðinu, á útboðsvef Isavia og á auglýsingavef Evrópusambandsins þann 17. desember sl. og er sambærilegt rammasamningsútboði ISAVIA um hönnun og ráðgjöf fyrir verklegar framkvæmdir á Keflavíkurlflugvelli.

Helstu hönnunarverkefni sem ráðgerð eru á samningstíma rammasamningsins felast í hugmyndavinnu, þróun og tæknihönnun tengdum verkefnum Isavia á flugvöllum, t.d. flugbrauta, akbrauta, eftirlits og rafkerfa. Samningurinn, sem er til þriggja ára, var boðinn út á grundvelli laga um opinber innkaup og byggja niðurstöðurnar á hæfi (70%) og verði (30%). Kynningarfundur fyrir bjóðendur verður 11. janúar 2019 og frestur bjóðenda til að skila inn gögnum er 31. janúar 2019.



## SIÐAREGLUR BIRGJA

Isavia er aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) og skuldbindur félagið sig til að stefna að því að starfshættir séu í samræmi við tíu meginþætti Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Isavia hefur sett [Siðareglur fyrir birgja](#) í samræmi við meginþættina tíu. Gerð er sú krafa að birgjar sem félagið skiptir við uppfylli siðareglurnar og sjái til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama.



Útgefandi er Tækni- og eignasvið,  
Umsjónarmaður er Guðrún Jóna  
([gudrun.jons@isavia.is](mailto:gudrun.jons@isavia.is))